

Nd.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Söngmálastjóri starfar innan þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferðakostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu kirkjusöngs innan þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatningar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við ráðningu organista og útvegum og val kirkjuhljóðfæra.

Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf söngmálastjóra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða tvo menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr.

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skál skólinn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum svo sem pípuorgeli og píanói til kennslu og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

5. gr.

Þeir sem æskja inngöngu í Tónskóla Þjóðkirkjunnar, skulu hafa hæfileika til tónlistarnáms. Þeir skulu hafa meðmæli sóknarprests síns.

6. gr.

Lokapróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ. e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskóli Þjóðkirkjunnar skal kenna í samræmi við námskrá, sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig), sem þeir ljúka í námi og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

7. gr.

Störf organista skulu tengd tónlistarkennslu, þar sem því verður við komið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram byggist í meginatriðum á frumvarpi er samþykkt var á síðasta Kirkjuþingi. Á frumvarpinu, eins og Kirkjuþing gekk frá því, hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið gert óverulegar breytingar og verður þeirra getið hér á eftir. Frumvarpið var lagt fram á 102. löggjafarþingi í lok þingsins vorið 1980, en hlaut ekki umfjöllun í þinginu.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 73/1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Helsta nýmæli frumvarpsins er að gert er ráð fyrir að stofnaður verði Tónskóli þjóðkirkjunnar í tengslum við embætti söngmálastjóra og er það eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem hefur þróast á undanförunum árum. Undir stjórn söngmálastjóra hefur í mörg ár verið rekinn vísir að skóla, þar sem starfandi organistar og væntanlegir organistar hafa fengið kennslu. Um þetta vísast nánar til skýrslu söngmálastjóra er fylgir frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 73/1941.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við verksvið söngmálastjóra eins og það hefur þróast undanfarandi ár.

Um 3. gr.

Í frumvarpi Kirkjuþings hljóðaði þessi grein þannig: Biskup Íslands, með samþykki ráðherra og að fengnum tillögum söngmálastjóra fastráði í tvö störf menn til aðstoðar við raddþjálfun, kennslu o. fl. Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.“

Ráðuneytið taldi rétt að breyta þessari grein til samræmis við reglur um ráðningu annarra starfsmanna ríkisins.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stofnaður verði tónskóli er starfi í þágu þjóðkirkjunnar. Þótt hér sé um nýmæli í lögum að ræða er aðeins verið að festa í lög framkvæmd sem hefur þróast í tengslum við embætti söngmálastjóra.

Í frumvarpi Kirkjuþings segir að hlutverk skólans sé að veita verðandi kirkjuorganistum menntun í organleik. Hér er einnig tilgreint að starfandi organistar geti notið menntunar í tónskólanum.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að kostnaður við stofnbúnað og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Í niðurlagi greinarinnar er tiltekið að ráðherra sé heimilt að setja ákvæði um skólagjöld. Þetta síðastnefnda ákvæði er ekki í frumvarpi Kirkjubings. Þótt gert sé ráð fyrir að haldið verði við þá meginstefnu að nemendur njóti kennslu án greiðslu skólagjalda þykir rétt að ráðherra hafi þessa heimild ef þau tilvik koma upp sem gera slíkt réttlætjanlegt.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í frumvarpi Kirkjubings hljóðaði fyrri hluti greinarinnar þannig: „Lokapróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar veitir réttindi til organistastarfa og tónlistarkennslu.“

Að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið þótti rétt að breyta greininni í það form sem hún er nú í.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Skýrsla um starf söngmálastjóra.

Í tíð Sigurðar Birkis, fyrsta söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar, var starfsemin aðallega fólgin í stofnun kirkjukóranna og þjálfun þeirra eftir því sem tími og starfskraftar leyfðu. Þá varð og söngskóli Þjóðkirkjunnar til (síðar með breyttu nafni, Tónskóli Þjóðkirkjunnar), sem gegndi sama hlutverki og nú í dag. Stofnað var einnig af Sigurði Birkis Kirkjukórasamband Íslands, sem í þá tíð hafði fjárráð sem svaraði til kr. 4 000 000 á núverandi verðgildi úr ríkissjóði. Með þeim fjármunum voru kórarnir styrktir til raddþjálfunar. Styrkurinn í dag er kr. 300 000.

Dr. Róbert A. Ottósson tengdi Tónskóla Þjóðkirkjunnar við kennslu guðfræðinema og hafði nemendurna einnig í kennslustundum í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Þá hélt hann og námskeið og kom víða við eins og forveri hans, í sambandi við útveganir hljóðfæra og ýmsar ráðleggingar varðandi kirkjusöng og var ætíð til taks.

Störf þessara tveggja ágætu manna verða ekki nánar skilgreind hér, þar sem ætlunin er að greina nánar frá þeirri starfsemi sem nú fer fram. Verður þá stuðst við þær starfsskýrslur söngmálastjóra sem birtast árlega á prestastefnum Íslands og er hér um 5 ára yfirlit að ræða, frá 1975.

Nemendur í Tónskólanum 1974—75 voru 9 en eru nú 30. Námsgreinar eru: Orgelleikur, pianóleikur, söngstjórn, söngur, raddþjálfun, tónfræði, hljómfraði og hljómborðsfræði. Nemendatónleikar hafa verið haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík á hverju vori. Vegna Tónskólans hefur söngmálastjóri átt sæti í nefnd sem gert hefur námsskrá í orgelleik og er hún þegar tilbúin sem handrit og kemur væntanlega út nú í haust.

Þá hefur söngmálastjóri miðað að því í sambandi við skólann að allt það náms efni sem notað er verði til á íslensku, með það fyrir augum að um ákveðna námsbraut geti verið að ræða fyrir þá sem hyggja á kirkjutónlistarnám. Myndu aðrir tónlistarskólar einnig njóta góðs af því efni. Það efni sem þegar er komið út, eða er langt komið í undirbúningi, er: Kennslubók í söngstjórn, „Messa“, Leiðbeiningar í orgelleik, Upptökur fyrir kórþólk á sálmalögum, Kóræfingin, — leiðbeiningar í

kórþjálfun (með tónböndum), Sálmalög útfærð með sérstakri fótspilsródd, einnig endurútgáfa á Hátíðasöng sr. Bjarna Þorsteinssonar o. fl.

Í heimsóknnum til kirkjukóranna hefur söngmálastjóri haldið æfingar með kórum og leiðbeint organistum og hefur s. l. 5 ár komist yfir að heimsækja nær alla kóra í 9 prófastsdæmum af 15.

Þá var tekið upp nokkuð reglulegt bréfasamband við alla starfandi organista, en þeir eru 180 talsins. Þá er og nokkurt bréfasamband við presta. Í þeim bréfum er sent fjölritað efni svo sem kennsluefni og kórlög.

Aðal námskeiðið sem er á vegum starfsins er haldið árlega í Skálholti og sækja það bæði organistar og kórþólk og hefur orðið æ fjölsóttara með hverju námskeiði og nú síðast 120 manns.

Stefnt er að heildarátaki kirkjukórasambandsins í formi kóramóta vegna 1000 ára afmælis kristniboðs á Íslandi 1981 og síðar 300 ára fæðingarafmælis J. S. Bach, árið 1985, sem væntanlega verður með almennri þátttöku af þeim rúmlega 3000 félögum kirkjukóranna.

Þá er og í verkahring söngmálastjóra að vera til ráðlegginga vegna hljóðfæra í kirkjur og kirkjuklukkur og hefur söngmálastjóri leitað eftir hentugum hljóðfærum erlendis, m. a. frá Ítalíu, sem reynst hafa mun hagstæðari í innkaupi.

Þá hefur verið höfð hönd í bagga með hljóðfæraviðgerðum og nú er í námi ungur maður í Þýskalandi sem lærir pípuorgela- og harmoniumsmíði.

Söngmálastjóri hefur einnig fastan skrifstofu- og viðtalstíma í Reykjavík.

Af þessari samantekt sést, að höfuðatriði starfsins eru Tónskóli þjóðkirkjunnar, heimsóknir til kirkjukóra, námskeiðshald og síðast en ekki síst gerð námsefnis, sem mun hafa mikla þýðingu fyrir starfsemi í heild.

Benda má á að stjórnun og kennsla í skóla sem Tónskóla þjóðkirkjunnar gæti verið aðalstarf. Þar að auki eru heimsóknir til hinna 250 kóra ærið verkefni og tæki starfsdag söngmálastjóra allan, ef aðeins þeim þætti starfsins væri sinnt. Allir vita hve útgáfustarfsemi er tímafrek, en hjá henni verður ekki komist ef um verulega framþróun á að vera að ræða í þessu starfi, sem aðeins hefur einn mann fastráðinn, en það er söngmálastjóri.

Allt frá upphafi hefur verið lögð á það áhersla af söngmálastjóra, að Tónskólinn fái fasta stoð í lögum. Þá hefur og verið eindregið mælt til að ráðnir verði tveir raddþjálfarar, þar sem lausráðið fólk hefur ætíð verið bundið annars staðar og öll kennsla því í ígripum. Fengist að ráða tvo raddþjálfara, þá myndu þeir rúmlega 3000 félagar í kórum landsins fá þjálfun sem lengi hefur verið beðið eftir og yrði ómetanlegur stuðningur við einhverja viðtækustu fullorðinsfræðslu og félagsstarfsemi sem til er í landinu. Nyti þá starfsemi þessi svipaðrar aðstöðu og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hvað starfskrafta snertir, en í því starfi eru 3 fastráðnir. Svo vikið sé aftur að hinum tveimur raddþjálfurum sem farið er fram á að fá að ráða þá hefur það verið sá þáttur sem allir eru sammála um að sé sá mikilvægasti vegna allrar framþróunar söngs kirkjukóranna. Núverandi söngmálastjóri hefur þegar hvatt ungan mann til að leggja stund á nám í söng- og raddþjálfun og er hann nú við nám í Hamborg. Það væri mikið hagsmunamál að mega ráða hann sem annan af þeim er tækju að sér raddþjálfun við kirkjukóra landsins og stilltu dýrmætt hljóðfæri þjóðarinnar til allra helgiathafna. Það yrðu verðug laun til þeirra fórnfúsú kórfélaga sem ekki taka nein veraldleg laun fyrir störf sín, sem jafnt eru unnin á venjulegum hátíðisdögum sem stórhátíðum, þar sem í mörgum starfsgreinum þekkist að tekið sé allt að fjórföldu dagvinnukaupi ef um útkall er að ræða.

12. maí 1980.

Haukur Guðlaugsson.